

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjulund í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Kirkjulund í Garðabæ, lóð fyrir minjaskála. Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir minjaskála er lengdur um 5 metra til suðausturs og nýtingarhlutfall hækkar. Áður samþykkt deiliskipulag af lóðinni fellur úr gildi. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 30. apríl 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Búðahrepp.

1. gr.

Notkun heitzinkhúðaðra röra fyrir neysluvatn er óheimil í Búðahreppi vegna staðbundinna áhrifa neysluvatns á þau.

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Búðahrepps sem gerð er samkvæmt 6. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 30. apríl 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.

AUGLÝSING

um búsvæðavernd blesgæsar á Hvanneyri, Borgarfirði.

Umhverfissráðherra hefur að tillögu Náttúruverndar ríkisins og samkvæmt samþykki Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar ákveðið að friðlýsa Hvanneyrarjörðina sem búsvæði blesgæsar í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, í samræmi við samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 1/1978, samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993 og samninginn um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 3/1995.